Kópavo

Kópavogi, 16. mars 2023
22114530/211.00 RH

Efni: Úthlutun til ísat-kennslu

Úthlutun til skóla vegna ísat nemenda er tvískipt, annars vegar úthlutun á grundvelli kafla 19.3, *Íslenska sem annað tungumál* í Aðalnámskrá grunnskóla og viðmiðunarstundaskrár sem gefin var út af menntamálastofunum 2022. Hins vegar úthlutun sem byggir á fjölda ísat-nemenda sem er ætluð til móttöku ísat-nemenda, námsmats ísat-nemenda, skipulags kennslunnar og ráðgjafar til kennara:

Til úthlutunar vegna nemenda með ísat-kennslu eru 619 kest. á viku.

1. Úthlutun til íslenskukennslu nemenda sem búið hafa 4 ár eða skemur á landinu og byggir á viðmiðunarstundarskrá:
    - Nemendur skulu fá kennslu í íslensku sem öðru tungumál í samræmi við viðmiðunarstundaskrá, hver skóli fær úthlutað í samræmi við fjölda nemenda á hverju aldurstigi og getustigi miðað við hæfniramma um íslensku sem annað tungumál í Aðalnámskrá grunnskóla.
    - Ekki er um einstaklingskennslu að ræða nema í undantekningar tilfellum því skal miða úthlutun við hópastærð sem hér segir. Nemendur á forstigi og 1. stigi skulu vera 4 eða færri í hópi og nemendur á 2. og 3. stigi skulu vera 6 eða færri í hópi.

2. Úthlutun til skóla vegna móttöku ísat-nemenda, námsmats ísat-nemenda, skipulags kennslunnar og ráðgjafar til kennara:
    - Hver skóli fær úthlutað samkvæmt fjölda ísat-nemenda í skólanum þeim afgangi sem verður á fjármagni þegar lokið er úthlutun á grundvelli viðmiðunarstundaskrár sem ætlað er til ísat-kennslu.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026